

**60. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
mánudaginn 3. febrúar 2025, kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Skráning veitugrunna Bláskógabyggðar - 2501059

Tilboð Eflu verkfræðistofu í skráningu veitugrunna Bláskógaveitu í gagnagrunn og uppsetning vefsjár.

Tilboðið var lagt fram. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að tilboðinu verði tekið.

2. Orkuöflun Reykholti (Tungurimi) - 2403015

Dagskýrslur vegna vinnu við borholu Bláskógaveitu í Reykholti.

Skýrslur vegna borverks í Reykholti voru lagðar fram.

3. Virkjun borholu í Reykholti RH 07 - 2501063

Hönnun stofnlagnar og virkjun borholu. Tillaga um ráðningu verkefnastjóra/hönnuðar.

Rætt var um næstu skref. Veitustjóra og sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs er falið að fá ráðgjafa að verkinu.

4. Beiðni um aðgang að gögnum um jarðhitakerfi í Reykholti - 2501062

Beiðni Baseload Power, dags. 22.02.2025, um aðgang að gögnum um jarðhitakerfið í Reykholti.

Erindi Baselaod Power var lagt fram. Þar er óskað eftir aðgangi að gögnum um jarðhitakerfið í Reykholti sem unnin hafa verið af ÍSOR.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að Baseload Power fái aðgang að gögnum.

5. Deiliskipulagsbreyting Traustatún og Guststún - 2501072

Tillaga um breytingu á deiliskipulagi Traustatúns og Guststúns.

Lögð var fram tillaga að breyttu deiliskipulagi Laugarvatns á svæði við Traustatún/Guststún. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að haldið verði áfram með deiliskipulagsbreytinguna.

6. Gatnahönnun Tungurimi - 2501073

Tillaga um að hafinn verði undirbúningur að hönnun Tungurima, síðari áfanga.

Farið var yfir stöðuna hvað Tungurima varðar. Næsti áfangi tekur til lóða nr. 13 til 30. Sveitarstjóra er falið að afla tilboða í verkefnið.

7. Gatnahönnun Laugarási - 2501074

Umræða um gatnahönnun í Laugarási

Umræða varð um málið.

8. Mannvirki sem skylt er að vátryggja hjá NTÍ - 2501061

Erindi Náttúruhamfaratryggingar Íslands, dags. 23.01.2025, um mannvirki sem skylt er að vátryggja hjá NTÍ.

Erindið var lagt fram.

9. Matsskyldufyrirspurn vegna borunar eftir heitu vatni á Laugarvatni - 2501079

Matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna borunar og prófunar á vinnsluholu fyrir heitt vatn á Laugarvatni.

Lagt fram til kynningar.

10. Sýnataka úr hitaveitu Laugarási - 2502002

Tilboð ÍSOR í sýnatöku og rannsóknir á efnainnihaldi hitaveituvatns í Laugarási.

Tilboð ÍSOR var lagt fram. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að taka tilboðinu.

Fundi slitið kl. 17:00.

Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Jón Forni Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir

Benedikt Skúlason

Kristófer Arnfjörð Tómasson